



Ísafirði, 7. mars 2019.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
sent um samráðsgátt á vefnum [island.is](http://island.is)

Mál nr. S-47/2019.

Efni: Hugleiðingar í tengslum við drög að stefnu í almenningssamgöngum, undir heitinu "Ferðumst saman"

Löngu er orðið tímabært og því ánægjuefni ef líta skal til heildarmyndarinnar við þá endurskipulagningu almenningssamgangna hérlendis sem boðuð er. Vissulega er ekki einfalt og verður aldrei ódýrt að reka viðunandi almenningssamgöngur í jafn stóru, fámennu og oft torfæru landi og Íslandi þar sem mikill meirihluti íbúa hefur kosið að eiga og notast við eigin ökutæki og erlendir ferðmenn nýta sér bílaleigubíla. Er þess vænst að raunhæfar tillögur verði settar fram um þetta efni og að ná megi að fjármagna þær að fullu.

Gott innlegg í þessu sambandi er ritið sem vísað er til á samráðsgáttinni um þetta mál "Ferðumst saman - Stefna ríkisins í almenningssamgöngum" útgefið í febrúar 2019.

Það er einkum tvennt sem óskað er eftir að leggja áherslu á í þessu sambandi. Annars vegar að efla alhliða upplýsingagjöf um hvernig og hvenær komist verður milli staða á Íslandi á annan hátt en á eigin ökutæki og hvaða samgöngutengda þjónusta er í boði fyrir þá sem þannig ferðast um og hins vegar að nýta einkabílinn betur til farþegaflutninga þar sem við verður komið.

1) Það er sérkennilegt að þegar upplýsingatækni er orðin jafnháprúð og raun ber vitni skuli ekki á neinum einum stað eða vettvangi hérlendis vera að finna aðgengilegar upplýsingar um hvernig komist verður frá einstökum stöðum til helstu staða í nágrenninu eða annars staðar á landinu öðru vísi en á eigin ökutæki. Vissulega er ýmsar upplýsingar að finna á vef Strætó, Flugfélags Íslands (Air Iceland Connect), nú síðast Isavia ohf. og einstakra sveitarfélaga. Þá er einhverjar upplýsingar að finna á vefnum [island.is](http://island.is) en ekki nógu greinargóðar til að þær komi að gagni sjá hér <https://www.island.is/thjonusta/ferdalog-og-samgongur/innanlands/almenningsamgongur/> . Einnig er einhverjar upplýsingar að finna á vefnum [www.almenningsamgongur.is](http://www.almenningsamgongur.is)

Því var af hálfu Samgöngufélagsins áformað að ráðast í gerð vefs, Samgönguvefsins, sem ætlað var að safna og miðla helstu upplýsingum um þetta á einum stað sem nálgast mætti með því að safna þeim saman út frá helstu þéttbýlisstöðum landsins á Samgönguvefnum, [www.samgongur.is](http://www.samgongur.is) . Ekki hefur þó enn orðið af því af ýmsum ástæðum. Voru (og eru) upp hugmyndir um að ekki yrði eingöngu hugað að upplýsingum um almenningssamgöngur heldur yrði einnig vísað á ýmislegt samgöngutengt efni. Má þar nefna upplýsingar um bílaleigur, leigubíla, umferðaröryggisáætlanir, hjólreiðaáætlanir, upplýsingar um ferðir sem bjóðast fötluðum, viðbragðsaðila, hámarkshraða í þéttbýli, hvar bensinstöðvar, rafhleðslustöðvar, salerni o.fl. er að finna á hverjum stað. Vísað yrði á kort og vefmyndvélur frá hverjum stað og staðbundnar fésbókarsíður þar sem þeir sem leita eða óska fars geta fylgst með eða skráð sig og svo mætti áfram halda. Þetta ætti ekki að vera ýkja mikið verk fyrir staði utan höfuðborgarsvæðins og í raun ótrúlegt að ekki hafi verði ráðist í þetta fyrr sem áður segir. Er þess því vænst að sá gagnvikri upplýsingavefur með öllum upplýsingum um leiðakerfi almenningssamgangna sem boðað er að verði gerður á vegum stjórnvalda verði sem fyrst tilbúin til notkunar.

Við undirbúning að gerð síðunnar fyrir Samgöngufélagið kom í ljós, eins og raunar kemur fram í áður nefndu riti, að ýmsar upplýsingar um samgöngur eru brotakerndar og erfitt að nálgast þær bæði á staðnum og í netheimum. Í flugstöð Air Iceland Connect á Reykjavíkflugvelli sést t.d. ekki hvar nálgast

má strætó (að sögn er skilti með þeim upplýsingum alltaf rífið niður!) og þangað liggur ekki gangstétt alla leið frá flugstöðinni að biðskýli Strætó. Furðu sætir að tvær flugafgreiðslur skuli vera á Reykjavíkflugvelli, hin fyrir Flugfélagið Erni. Ekki er auðvelt að nálgast upplýsingar um flug þess flugfélags (textavarpíð sem vísað er á á vef félagsins, [www.ernir.is](http://www.ernir.is), er ekki alls kostar heppilegur vettvangur og ekki víst að allir skilji skammstafanirnar BIO, VEY eða HZK sem þar er að finna). Þess skal þó sérstaklega getið að Isavia ohf. hefur nú nýlega sett á vef sinn, [www.isavia.is](http://www.isavia.is), upplýsingar um komur og brottfarir allra áætlunarvéla á innlandsflugvöllum hérlendis og um þær ferðir sem eru í boði til þeirra og frá. Þó er óvíst að mörgum sé kunnugt um þá síðu.

Í þessu sambandi skal einnig nefnt að áætlunarbílar utan höfuðborgarsvæðins eru oft ekki sérstaklega vel merktir og væri æskilegt ef fylgjast mætti með ferðum þeirra á netinu í gegn um staðsetningarbúnað líkt og er hjá Strætó a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt er að þægilegt sé að greiða fyrir far og að greiða megi með greiðslukortum. Lengi mætti halda áfram að fjalla um þetta en þetta látið duga að sinni.

2) Til að bæta möguleika fólks á að komast á milli þótt það falli e.t.v. ekki undir hugtakið almennings-samgöngur mætti með markvissum aðgerðum stuðla að og styðja við það sem undirritaður hefur nefnt samakstur, þ.e. að nýta bílana sem eru á ferðinni og flestri rúma a.m.k. þrjá farþega mun betur en gert er.

Ekki er ósennilegt að einhver aukning hafi orðið í þessum ferðamáta með bættri samskiptatækni og upplýsingagjöf. Gæti þetta ekki síst nýst á stöðum þar sem almennings-samgöngur í boði eru af skornum skammti, eins og t.d. innan og milli þéttbýliskjarnanna á norðanverðum Vestfjörðum og annarra hluta landsins. Oft gefur ekki til flugs þangað tvo til þrjá daga í röð og þá tæpast nokkrar samgöngur í boði aðrar en einkabíllinn, sem ekki hentar öllum þegar um langan veg er að fara, oft að vetri til í tvísýnni færð. Þótt þessi ferðamáti hugnist e.t.v. ekki öllum ætti hann vel að geta gagnast ef stutt verður við hann og sett um hann einhver umgjörð og regluverk. Fellur hann og vel að heiti þessa átaks sem hér um ræðir „Ferðumst saman“.


Samgöngufélagið hefur látið útbú síðurnar [www.bilfar.is](http://www.bilfar.is) og [www.rideshare.is](http://www.rideshare.is) fyrir þá sem vilja bjóða eða þiggja far en ekki haft getu til að auglýsa þær sem skyldi. Þá var að ósk félagsins gert þjónustumerki fyrir þennan ferðamáta sem sjá má á myndinni hér að neðan t.v. og eins hefur verið sett upp skilti fyrir þá sem óska fars, líkt og sjá má á myndinni hér að neðan t.h.



Sjá má nánar um þetta á vef Samgöngufélagsins á slóðinni <https://samgongur.is/samakstur/>

Er eindregið hvatt til að þessum samgöngumáta verði gert hærra undir höfðu og þá ekki síst að ökutæki með tvo eða fleiri farþega verði heimilað að nota forgangsakreinar á höfuðborgarsvæðinu og annars staðar þar sem þær eru. Einn kostur við að nýta þessa leið er að það væri ríkissjóði að kostnaðarlausu.

F.h. Samgöngufélagsins



Jónas Guðmundsson

Fyrirsvarsmaður